

LÖG

um breytingu á lögum nr. 22/1968, um gjaldmiðil Íslands, og lögum nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Breyting á lögum um gjaldmiðil Íslands nr. 22/1968, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr málslíður er orðast svo: Jafnframt er bankanum heimilt, með leyfi ráðherra, að slá sérstaka tilefnismynt samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands.

Breyting á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/1986, með síðari breytingum.

2. gr.

Á eftir 2. mgr. 5. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

Tilefnismynt sem bankinn gefur út skal vera lögeyrir til allra greiðslna með fullu ákvæðisverði. Seðlabankanum er heimilt að ákveða að tilefnismynt sé seld með álagi á ákvæðisverð hennar. Ágóða af sölu tilefnismyntar skal varið til lista, menningar eða vísinda samkvæmt ákvörðun ráðherra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 22. maí 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Davíð Oddsson.

23. maí 2000

Nr. 82

LÖG

um framkvæmd tiltekinna þátta í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Orðskýringar og almenn ákvæði.

1. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð og hugtök merkingu sem hér segir:

- a. *Varnarsamningurinn:* Varnarsamningur milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkjanna Ameríku á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins frá 5. maí 1951 og viðbætir við